

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Brúarlands. Meginbreytingin felst í því að lóðum er fjölgað um tvær og verða nr. 9 og 10. Þá hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á lóðamörkum milli lóða nr. 1 og 2 og stærðartölur lóða nr. 7 og 8 eru leiðréttar.

Á aðlægum skipulagsreit úr landi Leifsstaða eru gerðar þær breytingar að mörk lóðar nr. 30 að vestan og byggingarreiturinn færast lítillega til austurs. Sama gera austurmörk lóðarinnar. Þá færast rotþró úr land Brúarlanda vestur fyrir lóð nr. 30 í landi Leifsstaða.

Tillaga þessi hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og er nú auglýst til að taka þegar gildi sbr. 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Eyjafjarðarsveit, 16. september 2004.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.